

**SAMÞYKKTIR  
ÍSLANDSHÓTELA HF.**

**1 NAFN FÉLAGSINS, HEIMILI OG TILGANGUR**

- 1.1 Félagið er hlutafélag. Heiti félagsins er Íslandshótel hf.
- 1.2 Heimilisfang félagsins er að Hallgerðargötu 13, 105 Reykjavík.
- 1.3 Tilgangur félagsins er hótel- og veitingarekstur, rekstur ferðaskrifstofu, alhliða þjónusta við ferðamenn, verslunarrekstur, kaup, sala, útleiga og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Félaginu er heimilt að taka þátt í starfsemi er samrýmist rekstri þess og gerast eignaraðili í öðrum félögum í því skyni.

**2 HLUTAFÉ FÉLAGSINS**

- 2.1 Hlutafé félagsins er kr. 616.742.132 og skiptist það í jafnmarga hluti sem hver er að fjárhæð ein króna.
- 2.2 Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum.
- 2.3 Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Nýti einhver hluthafi forgangsrétt sinn ekki (hvort sem er í heild eða hluta) skal þeim hluthöfum sem nýtt hafa forgangsrétt sinn boðnir viðkomandi hlutir í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra hluthafa áður en öðrum eru boðin áskrift að viðkomandi hlutum. Heimilt er að víkja frá forgangsrétti í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga.
- 2.4 Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

**3 HLUTABRÉF OG HLUTASKRÁ**

- 3.1 Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.
- 3.2 Hlutaskrá samkvæmt ákvæðum fyr nefndra laga skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður og tilkynningar, á hverjum tíma, sendast hverjum þeim er skráður er eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins. Öllum tilkynningum til hluthafa og úthlutun réttinda, þ.á m. úthlutun arðs, skal beint eða úthlutað til þess aðila sem á þeim tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá félagsins.
- 3.3 Hlutaskrá skal vera aðgengileg hluthöfum á skrifstofu félagsins.

**4 HLUTIR Í FÉLAGINU**

- 4.1 Engar hömlur eru lagðar á rétt hluthafa til meðferðar hluta sinna, þ.m.t. framsal þeirra, umfram það sem fram kemur í samþykktum þessum eða leiðir af lögum.
- 4.2 Um eigendaskipti að hlutum í félaginu fer eftir ákvæðum laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

OT

## **5 EIGIN HLUTIR**

- 5.1 Félagið má eigi veita lán út á hluti í féluginu nema að því marki sem lög heimila.
- 5.2 Féluginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa enda samþykki hluthafafundur slík endurkaup og fyrirkomulag þeirra. Veiti hluthafafundur slíka heimild skal hennar getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar, sem verður hluti samþykktanna meðan heimildin er í gildi.
- 5.3 Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

## **6 RÉTTINDI OG SKYLDUR HLUTHAFA OG SAMSKIPTI**

- 6.1 Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram hlut sinn í féluginu. Þessu ákvæði samþykktu verður ekki breytt nema með samþykki allra hluthafa.
- 6.2 Engin sérréttindi fylgja neinum hlutum í féluginu. Hluthöfum er ekki skylt að þola innlausn hluta sinna nema lög mæli fyrir um.
- 6.3 Féluginu er heimilt að nota rafræna skjalasamskipti og tölvupóst í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að sendar skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír. Skal félagsstjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta.

## **7 HLUTHAFAFUNDIR**

- 7.1 Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka er samþykktir þessar og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafa. Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund, taka þar til máls og neyta þar atkvæðisréttar síns.
- 7.2 Rétt til setu á hluthafafundum hafa, auk hluthafa og umboðsmanna þeirra, endurskoðandi, stjórnarmenn og framkvæmdastjóri félagsins. Hafa þeir þar fullt málfrelsi og tillögurétt. Skal nefndarmönnum undirnefnda stjórnar og tilnefningarnarfndar, ásamt frambjóðendum til stjórnar, jafnframt heimilt að sitja hluthafafundi, og taka þar til máls. Einnig getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum og starfsmönnum félagsins.
- 7.3 Sæki umboðsmaður hluthafafund fyrir hluthafa skal hann leggja fram skriflegt eða rafrænt, og dagsett, umboð. Umboð skal leggja fram eigi síðar en á fundi og gildir það einungis til fundarsetu á viðkomandi hluthafafundi, nema annað sé skýrlega tekið fram í efni umboðsins. Umboð má afturkalla hvenær sem er.

### **Aðalfundir**

- 7.4 Aðalfundur skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar.
- 7.5 Á aðalfundum skulu tekin fyrir þessi mál:
  - (a) Stjórn félagsins skal skýra frá rekstri þess á liðnu ári og hag þess í árslok.
  - (b) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar.
  - (c) Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

- (d) Kosning í stjórn félagsins.
- (e) Kosning í tilnefningarnefnd.
- (f) Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
- (g) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og varamenn stjórnar, og ef við á undirnefnda stjórna.
- (h) Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
- (i) Tillaga tilnefningarnefndar um starfsreglur nefndarinnar.
- (j) Tillögur frá hluthöfum sem taka ber á dagskrá.
- (k) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

**Boðun til hluthafafunda og lögmæti fundar**

- 7.6 Stjórn skal boða til hluthafafundar þegar hún telur þess þörf og þegar endurskoðandi eða hluthafar sem ráða a.m.k. einum tuttugasta hlut hlutafjár í félagini krefjast þess. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga frá því að krafa um fund er gerð.
- 7.7 Boða skal til hluthafafundar með auglýsingu í innlendum fjölmíðli, með rafrænum hætti eða með öðrum sannanlegum hætti þannig að tryggður sé skjótur aðgangur að fundarboðinu á jafnréttisgrundvelli. Nota skal trausta miðla sem tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 7.8 Hluthafafundi skal boða með minnst þriggja vikna fyrirvara en mest fjögurra vikna fyrirvara.
- 7.9 Í þrjár vikur (21 dag) fyrir hluthafafund og á fundardegi skulu eftirfarandi upplýsingar vera aðgengilegar hluthöfum á vefsíðu félagsins:
- (a) fundarboð, heildarfjöldi hluta og atkvæða á fundarboðsdegi,
  - (b) skjöl sem verða lögð fyrir hluthafafund,
  - (c) ályktunartillögur og athugasemdir frá stjórn félagsins eða nefndum hennar, eftir því sem við á, varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá hluthafafundar.
- 7.10 Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á þegar boðuðum hluthafafundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, þó í síðasta lagi 10 dögum fyrir fundinn. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Upplýsingar um kröfuna skal birta á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn, auk tillögunnar og eftir atvikum endurskoðaðrar dagskrár fundarins.
- 7.11 Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn.
- 7.12 Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður án tillits til fundarsóknar. Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara. Hluthafafundi skal heimilt að halda á þeim stað sem stjórn tilgreinir í fundarboði.
- 7.13 Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum. Afrit fundargerðar skal gerð aðgengileg á skrifstofu félagsins og heimasíðu þess eins fljótt og auðið er.

ot

### Rafræn þátttaka

- 7.14 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði haldinn rafrænt, hvort heldur að hluta eða öllu leyti.
- 7.15 Ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal hún tryggja að rafrænn fundur fari fram á öruggan hátt og að tækjabúnaður sem notaður er uppfylli skilyrði hlutafélagalaga.
- 7.16 Þess skal getið í fundarboði fari fundur fram með rafrænum hætti. Fundarboðið skal þá jafnframt bera með sér síkar upplýsingar um framkvæmd fundarins að hluthöfum sé gert kleift að taka þátt í honum.
- 7.17 Hluthafar sem hyggjast taka þátt í rafrænum hluthafafundi skulu tilkynna skrifstofu félagsins um þátttöku sína með a.m.k. tveggja daga fyrirvara. Samtímis skulu þeir leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum. Spurningar og svör eiga að vera aðgengileg hluthöfum í síðasta lagi við upphaf hluthafafundar.
- 7.18 Innslegið aðgangsorð í tiltekinn fjarskiptabúnað jafngildir undirskrift viðkomandi hluthafa og telst staðfesting á fundarsókn.

### Atkvæðisréttur

- 7.19 Eitt atkvæði er fyrir hvern einnar krónu hlut. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.
- 7.20 Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum, falli atkvæði að jöfnu skal tillaga ekki talin samþykkt. Við stjórnarkjör, skal hlutkesti ráða fái tveir einstaklingar eða fleiri jafn mörg atkvæði.
- 7.21 Hluthafa skal þó ávallt gefinn kostur á að greiða atkvæði, bréflega eða rafrænt, um þau mál sem eru á dagskrá hluthafafundar.

## **8 STJÓRN OG STJÓRNARKJÖR FÉLAGSINS**

- 8.1 Stjórn félagsins skal skipuð fimm stjórnarmönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Stjórn veitir prókúrumboð. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið.
- 8.2 Stjórnarkjör fer fram sem meirihlutakosning á milli einstaklinga, nema löggild krafa komi fram um annað frá hluthöfum sem fara með a.m.k. 1/10 hlutafjár í félaginu minnst fimm dögum fyrir stjórnarkjör og skal stjórnarkjör að jafnaði vera skriflegt ef fleiri eru í framboði en kjósa skal.
- 8.3 Í tilviki fimm stjórnarmanna skulu þær tvær konur og þeir tveir karlar sem flest atkvæði fá í stjórnarkjöri teljast rétkjörin auk þess frambjóðanda sem flest atkvæði fær af þeim frambjóðendum sem eftir standa.
- 8.4 Stjórn starfar eftir starfsreglum sem stjórnin setur á grundvelli laga um hlutafélog. Stjórnarformaður boðar stjórnina til funda og stýrir fundum. Fundi skal halda hvenær sem stjórnarformaðurinn telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins, eða fleiri stjórnarmanna, eða framkvæmdastjóra félagsins. Stjórnarfundir eru ályktunarbærir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að

—  
ÓP

fjalla um málið, sé þess kostur. Til þess að ákvörðun stjórnarfundar teljist samþykkt, skal hún hljóta samþykki meirihluta stjórnamanna. Falli atkvæði um tillögu á jöfnu, skal atkvæði stjórnarformanns ráða úrslitum. Stjórn heldur gerðarbók fyrir stjórnarfundi sína og staðfestir með undirritun sinni. Stjórnmönnum skal heimilt að sækja fundi með aðstoð rafrænna miðla, ef þörf krefur.

- 8.5 Félagið skal hafa starfandi tilnefningarnefnd sem hefur það hlutverk að tilefna einstaklinga til stjórnarsetu í féluginu á aðalfundi þess, eða eftir atvikum á hluthafafundi þar sem stjórarkjör er á dagskrá. Nefndarmenn skulu vera tveir til þrír (2-3) og skulu þeir kjörni á hluthafafundi til tveggja ára í senn. Nefndin skal vera sjálfstæð í störfum sínum og skal meirihluti nefndarmanna vera óháður féluginu og stjörnendum þess. Tilnefningarnefnd skal setja sér starfsreglur sem skulu samþykktar á hluthafafundi.
- 8.6 Tilkynna skal tilnefningarnefnd félagsins skriflega skemmt fimm dögum fyrir hluthafafund, þar sem kjósa á stjórn, um framboð til stjórnar. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, nafn frambjóðanda, kennitölu og heimilisfang auk upplýsinga um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í féluginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkepnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í féluginu. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar hlutafélags skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og heimasíðu þess eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.
- 8.7 Tilnefningarnefnd skal leggja mat á hæfi frambjóðenda til þess að rækja hlutverk sitt og sjá til þess að sá hópur sem tilnefndur er til stjórnarsetu hafi nægilega breidd hvað varðar þekkingu, reynslu og bakgrunn út frá stefnu félagsins, þörfum og starfsemi hverju sinni. Tilnefningarnefnd skal sjá til þess að meðal frambjóðenda séu nægilega margir einstaklingar af báðum kynjum til þess að standast kröfur um stjórnarsetu kynjanna samkvæmt lögum og grein 8.3. Tilnefningarnefnd skal jafnframt sjá til þess að meirihluti hinna tilnefndu frambjóðenda séu óháðir féluginu og daglegum stjörnendum þess.

## **9 FRAMKVÆMDASTJÓRN**

- 9.1 Stjórn félagsins skal ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra til félagsins og ákveður þá starfskjör hans (eða þeirra).
- 9.2 Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdarstjóra ber að hlíta fyrirmælum stjórnar. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsmanna.
- 9.3 Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska eftir og veita ber lögum samkvæmt.

## **10 UPPGJÖR OG ENDURSKOÐUN**

- 10.1 Á aðalfundi skal kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfélag fyrir félagið. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnamanna eða starfsmanna félagsins.
- 10.2 Endurskoðandi skal endurskoða reikninga félagsins og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Sé félagið hluti félagasamstæðu skal endurskoðandi vera sameiginlegur fyrir samstæðuna í heild.
- 10.3 Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórn félagsins skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund.

OK

## **11 ARÐSÚTHLUTUN OG VARASJÓÐIR**

- 11.1 Aðalfundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs og greiðslur í varasjóð að fenginni tillögu stjórnar um ráðstöfun ágóðans.
- 11.2 Óheimilt er að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykkt úthlutunar.

## **12 FÉLAGSSLIT OG SAMRUNI**

- 12.1 Með tillögum um slit og skipti á félagini eða samruna við annað félag eða önnur félög skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit eða samruna verði gild.
- 12.2 Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun á eignum þess og skuldum.

## **13 ÖNNUR ÁKVÆÐI**

- 13.1 Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum þess hlutafjár í félagini sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.
- 13.2 Þar sem ákvæði samþykktta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á aðalfundi þann 12. mars 2024

F.h. Íslandshótela hf.  
